

ÁRSSKÝRSLA 2016-2017



S K Ý R S L A
framkvæmdastjóra og stjórnar STEFs fyrir síðasta starfsár stjórnar

Lögð fyrir aðalfund STEFs 20. maí 2017

Ávarp framkvæmdastjóra

Kæru samstarfsmenn. Í þessu ávarpi langar mig að gera ímynd STEFs að umfjöllunarefni mínu.

Þegar ég hóf fyrst störf hjá STEFi var sú mantra stundum þulin að þann dag sem viðskiptavinir væru ánægðir með STEF væri STEF að gera eitthvað rangt. Ég held að það sé óhætt að segja að mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá. Starfsfólk STEFs hefur markvisst unnið að því á síðustu árum að bæta samskipti við viðskiptavinina sína og þá um leið ímynd STEFs. Í þeirri vinnu hefur leiðarljósið verið að sýna viðskiptavininum okkar fram á hversu mikið virði er falið í notkun tónlistar fyrir starfsemi þeirra. Mikið hefur áunnist í þessari vinnu en þó eigum við ennþá langt í land. Við vitum þó að við erum á réttri leið því innheimta sem byggist á hótunum getur aldrei verið grundvöllur langtíma viðskiptasambands heldur verður það að byggja á gagnkvæmu trausti og virðingu. Slíkt traust verður sífellt mikilvægara fyrir samtök eins og STEF en samkeppni frá tónlistarbönkum inn á bakgrunnstónlistarmarkaðinn hefur leikið höfundaréttarsamtök í nágrannaþjóðum okkar grátt og það er bara tímaspursmál hvenær þeir hefja af alvöru innreið sína á íslenskan markað. Viðskiptavinir sem ekki bera traust til síns birgja og þekkja ekki virði vörunnar eru mun verðnæmari en ella eða með öðrum orðum verðteygni hans er lítil. Sterkt, jákvætt og traust samband við viðskiptavin er forsenda þess að hann stuðli að jákvæðu umtali við aðra og sé tilbúinn að halda reglulegum viðskiptum áfram og jafnvel auka þau þótt aðrir kostir séu á markaðinum.

Í nýlegri könnun sem meistaranemar HR í markaðsfræði gerðu nú í byrjun árs, á ímynd og verðteygni viðskiptavina sem reka verslanir, kom ýmislegt fróðlegt fram.

- 83% aðspurða sögðust spila tónlist í verslun sinni
- 61% taldi tónlistina hafa jákvæð áhrif á kauphegðun viðskiptavina.
- 80% taldi tónlistina hafa jákvæð áhrif á starfsanda.
- 34% taldi ímynd STEFs ekki góða. 53% hvorki né og 12% að hún væri jákvæð.

Þá kom í ljós að 71% verslunareigenda voru tilbúnir til að greiða hærra verð fyrir betra úrval tónlistar, sem þýðir að gæði vörunnar skiptir meira máli en verð, upp að ákveðnu marki a.m.k. Þetta sýnir okkur svart á hvítu hversu mikilvæg áframhaldandi fræðsla er, til viðskiptavina um virði vörunnar sem við seljum, og hvetur okkur til dáða til að vinna áfram að bættri ímynd STEFs.

Reykjavík, 19. maí 2017



Guðrún Björk Bjarnadóttir

Yfirlit yfir starf stjórnar frá maí 2016 til maí 2017

Í stjórn STEFs á liðnu starfsári áttu sæti:

Jakob Frímagn Magnússon formaður
Kjartan Ólafsson varaformaður
Þórunn Gréta Sigurðardóttir
Óttarr Ó. Proppé
Sigurður Flosason
Atli Heimir Sveinsson
Bragi Valdimar Skúlason

Varamenn í stjórn voru Ólafur Arnalds, Margrét Kristín Sigurðardóttir, Sóley Stefánsdóttir, Gunnar Andreas Kristinsson, Bragi Valdimar Skúlason (var bæði aðalmaður og varamaður um leið) og Þuríður Jónsdóttir.

Á starfsárinu voru haldnir alls 8 stjórnarfundir.

Haldinn var opinn fundur fyrir meðlimi STEFs og aðra áhugasama þann 1. júní 2016 þar sem ársreikningur og ársskýrsla sl. starfsárs var kynnt.

Haldinn var aukafundur í fulltrúaráði STEFs þann 16. desember 2016. Á fundinum var farið yfir úthlutanir STEFs á árinu auk þess sem lögð var fram tillaga til breytinga á úthlutunarreglum samtakanna hvað varðar úthlutun fyrir frumflutning verka. Var breytingin samþykkt. Þá kynnti sölu- og markaðsstjóri STEFs, Hrafnkell Pálmarsson, breytingar á verðskrá STEFs.

Heiðursmerki STEFs var veitt Þórhalli Sigurðssyni (Ladda) á starfsárinu. Það var veitt á 70 ára afmælistónleikum hans í Hörpu þann 21. janúar 2017.

Stjórnin samþykkti á starfsárinu eða í lok júní 2016 sérstakar starfsreglur um veitingu styrkja stjórnar.

Um áramótin 2016-17 var fjöldi verka á skrá hjá STEFi 75.938 og fjölgaði þeim um 3.522 á árinu. Fjöldi höfunda á skrá við lok starfsársins var 6.767.

Helstu verkefni starfsársins

Verðbreytingar o.fl.

Stærsta verkefni starfsársins var vinna við breytingar á verðskrá STEFs, sem breytingar á höfundalögum í marsmánuði 2016 gerðu mögulegar. Nánar tiltekið er ekki lengur gerð krafa um að breytingar á verðskrá séu samþykktar af mennta- og menningarmálaráðuneyti og því hefur STEF frjálssari hendur en áður við þróun verðs á vörum sínum. Hafði verðskrá STEFs verið óbreytt (fyrir utan vísitöluhækkanir) frá árinu 1993. Er óhætt að segja að verðskráin hafi verið mjög ógegnisæ og erfitt fyrir bæði viðskiptavinum og starfsfólki að vinna eftir henni. Á sama tíma hefur virði tónlistar aukist mikið og notkun tónlistar stóraukist. Er í dag til mikið af gögnum um virði tónlistar t.d. fyrir veitingastaði og þá sérstaklega lifandi tónlist.

Vinnan við verðskrábreytingarnar hófst með vinnustofu starfsfólks og fulltrúa stjórnar ásamt utanaðkomandi ráðgjafa á Hótel Glymi. Var lagt upp með að ný verðskrá myndi uppfylla þau skilyrði að hún yrði einföld, samkvæm sjálfri sér, framkvæmanleg í Navision kerfi, auðlesin fyrir viðskiptavinum og aðgengileg þannig að henti fyrir sjálfsafgreiðslu. Hún ætti líka að endurspeglar virði vörunnar og vera sanngjörn og óháð tæknibreytingum eftir því sem hægt væri.

Um haustið 2016 samþykkti stjórn fyrstu breytingarnar á verðskránni, en þær vörðuðu verð til veitingahúsa auk breytinga á útreikningi verðsins sem nú miðast við fjölda leyfilegra gesta veitingahúsa í stað fjölda stóla sem er mun gegnsærri aðferð og hagkvæmari í allri framkvæmd. Um leið var flokkum verðskrárinnar fækkað mjög og þeir endurskilgreindir. Fyrsti greiðsluseðillinn með nýjum verðum var sendur út í desember 2016 með gjalddaga í janúarmánuði. Auk þessa var einnig samþykkt breyting á verklagsreglu skrifstofu er varðar magnafslátt vegna stórra tónleika.

Á sama tíma og þessar breytingar voru innleiddar hóf STEF að bjóða upp á mánaðarlegar greiðslur sem margir viðskiptavinir telja þægilegra auk þess sem STEF byrjaði að taka við greiðslum með greiðslukortum.

Um leið og breytingar þessar voru innleiddar var gerð ný heimasíða fyrir samtökin og hún í raun endurgerð að mjög miklu leyti. Var þá sérstaklega verið að horfa til að viðmót hennar væri betra fyrir viðskiptavinum og þá einnig að heimasíðan hentaði snjallsímum. Einn liður í aukinni þjónustu við viðskiptavinum var að setja inn reiknivél á heimasíðuna þar sem þeir gætu séð á auðveldan hátt hversu hátt leyfisgjald þeirra er.

Samráð um þessar breytingar var haft við bæði SAF (Samtök ferðapjónustunnar) svo og SVP (Samtök verslunar- og þjónustu). Þá var unnið með BÍT (Bandalag íslenskra tónleikahaldara) varðandi breytingar er lutu að tónleikum. Auk þessa var haft mjög náið samráð við SFH (Samtök flytjenda- og útgefanda) á öllum stigum málsins, enda hér um að ræða viðskiptavinum sem einnig greiða til SFH og allar breytingar á verðskrá STEFs hafa því áhrif einnig á verðskrá SFH.

Til aðstoðar varðandi innleiðingu á verðbreytingum til veitingahúsa fékk STEF einnig til liðs við sig markaðssérfræðinga sem aðstoðuð við að setja upp dreifibréf til veitingahúsa þar sem fyrirhugaðar breytingar voru kynntar. Innleiðing breytinganna gekk almennt vel þó að auðvitað hafi nokkuð verið um að einstakir viðskiptavinir hefðu samband og vildu láta athuga sérstaklega með sín mál.

Annar fasi í breytingum á verðskrá, þ.e.a.s. verð til handa verslunum var samþykkt af stjórn í desember 2016. Var verðskráin mjög einfölduð á þann hátt að búið var til eitt grunngjald fyrir verslanir 100 fm eða minni og síðan fast gjald fyrir hvern fm umfram það. Við ákvörðun verðhækkunar var m.a. höfð

hliðsjón af rannsókn sem meistaranemar við HR gerðu fyrir STEF. Ákveðið var að ný verð myndu taka gildi frá og með áramótum fyrir allar nýja viðskiptavini. Hvað varðar eldri viðskiptavini var ákveðið að greiðsluseðill sem sendur er út að vori yrði með nýjum verðum. Við innleiðinguna á þeirri breytingu var leitað til auglýsingastofunnar Pipars sem aðstoðaði við gerð dreifibréfs sem sent var til kynningar til viðskiptavina. Með dreifibréfinu var sendur boðsmíði á morgunfund Senu „Góð upplifun – Framtíð viðskipta“ sem fjallar að miklum hluta til um notkun tónlistar í markaðsskyni fyrir verslanir.

Á sama tíma og unnið hefur verið að þessum verðbreytingum hefur einnig verið unnið að innleiðingu á nýju sölukerfi frá Navision, það hefur því mikið mætt á starfsfólki STEFs sem kemur að söluhlíð starfseminnar að undanförunu og er þeim sérstaklega þökkud góð störf, þolinmæði og jákvæðni við þessa vinnu.

Þar sem hér er minnst á tæknibreytingar þá er ekki úr vegi að minnast einnig á upplýsingar í rafrænum skilgreinum sem meðlimir geta nálgast á „Mínum síðum“ eru nú orðnar mun nákvæmari en áður og er þannig hægt að sjá betur hver sé uppruni greiðslna, bæði hvað varðar á hvaða útvarpsstöð viðkomandi lag var spilað og svo nánari flokkun erlendra greiðsla.

Viðburðir af ýmsum toga

Menningarnótt

STEF hélt tónleika á Menningarnótt í blíðskaparveðri í garðinum að Laufásvegi 40. Góð mæting var, en fram komu þau Ólöf Arnalds, Snorri Helgason, Lára Rúnarsdóttir og Júníus Meyvant. Er þetta í þriðja sinn sem tónleikar sem þessir eru haldnir.

Fundur fólksins

STEF stóð fyrir tveimur viðburðum ásamt öðrum höfundaréttarsamtökum á Íslandi á Fundi fólksins sem haldinn var þann 2. og 3. september sl. Annar fundurinn var undir heitinu „Kasettugjaldið – framtíð höfundaréttar“ en þar mættu fulltrúar sex stjórnmalaflokka ásamt fulltrúum fjögurra höfundasamtaka til að ræða málin. Hinn fundurinn sem haldinn var, var kynntur undir heitinu „Lifað af listinni“ og var fremur ætlaður almenningi, á honum sýndu Gunnar og Felix stutta leikþætti er tengdust þessu efni auk þess sem þeir tóku fulltrúa mismunandi skapandi greina í viðtöl um þýðingu höfundaréttar fyrir þá persónulega. Báðir fundirnir voru vel sóttir og heppnuðst vel.

Vinnustofur um samstarf við tónlistarráðgjafa

Haldnar voru tvær vinnustofur þann 2. nóvember 2016 í samstarfi við ÚTÓN um samstarf við tónlistarráðgjafa. Að þessu sinni voru vinnustofurnar unnar með fimm erlendum aðilum sem komu sérstaklega til landsins vegna þessa. Þetta voru þau Tommi Tuomainen tónlistarforleggjari frá Elements Music í Finnlandi., Stacy Slater tónlistarráðgjafi frá The Talent House í Los Angeles, Alex Hancock - sjálfstætt starfandi umboðsmaður og tónlistarráðgjafi frá Bretlandi., Edna Pletcheró tónlistarráðgjafi frá Big Dipper í Bretlandi.og Amine Ramer tónlistarráðgjafi frá States of Sound í Los Angeles. Var eftirspurn eftir plássi meiri en framboð enda höfum við séð góðan árangur af þessum vinnustofum á undanförunum árum en þetta var fjórða árið sem slíkar vinnustofur hafa verið haldnar.

Dagur íslenskrar tónlistar

Dagur íslenskrar tónlistar var haldinn hátíðlegur í Hörpu þann 1. desember 2017. Við það tilefni voru sungin saman þrjú íslensk lög sem einnig var útvarpað samtímis á öllum stærstu útvarpsstöðvarum landsins. Þá var afhent heiðursviðurkenningin „Lítill fugl“ sem að þessu sinni kom í hlut Svanhildar Jakobsdóttur.

Tónlist í útvarpi

STEF stóð að viðburði í samvinnu við RÚV og 365 þann 19. janúar 2017 þar sem Matthías Már Magnússon og Rúnar Róbertsson fjölluðu um hvernig best er að koma tónlist á framfæri við útvarpsstöðvar. Fundurinn var mjög fjölsóttur og þurftu einhverjir frá að hverfa. Nokkur umræða varð um aðgengi kvenna að þessum miðlum, en t.a.m. var gagnrýnd samsetning tónlistarráðs Bylgjunnar sem eingöngu er skipað körlum. Mikil ánægja var með fundinn.

Íslensku tónlistarverðlaunin

STEF stóð að íslensku tónlistarverðlaununum ásamt SFH sem veitt voru í Hörpu þann 2. mars 2017. Óhætt er að segja að Emmsjé Gauti hafi verið verðlaunahafi kvöldsins en hann hlaut fimm verðlaun. Þá fékk Íslenska óperan þrenn verðlaun í flokki sígildrar og samtímatónlistar fyrir uppfærslu sína á Évgení Onegin eftir Tchaikovsky og Þorgrímur Jónsson tvenn verðlaun í flokki djass og blústónlistar.

Rafræn markaðssetning tónlistar

Þann 7. mars 2017 hélt STEF viðburð á KEX ásamt FHF og ÚTÓN með Colleen Theis - Chief Operating Officer at the Orchard, Maríu Rut Reynisdóttur umboðsmanni og Eiði Arnarssyni framkvæmdastjóra FHF. Var viðburðinum streymt samtímis á Facebook. Yfir 70 manns sóttu fundinn og hefur útsendingunni verið streymt yfir 250 sinnum.

STEF hittir tónlistarfólk á Akureyri

Þann 19. apríl 2017 hélt STEF viðburð í Hofi á Akureyri undir ofangreindri yfirskrift. Ásamt almennri kynningu á STEFi héldu erindi þeir Atli Örvarsson kvikmyndatónskáld og Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson tónlistarstjóri Menningarfélags Akureyrar. Var mæting góð og ljóst að það er mikil eftirspurn eftir frekari viðburðarhaldi STEFs á landsbyggðinni.

Íslenska tónlistarvorið – nýjar stuðningsleiðir við útgáfu

STEF stóð fyrir viðburði þann 2. maí 2017 þar sem Erna Jónsdóttir lögfræðingur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins kynnti endurgreiðslur á hluta hljóðritunarkostnaðar auk þess sem Eiður Arnarsson kynnti nýjan sjóð fyrir hljóðrit sem Rannís heldur utan um. Þá hélt Þórir Jóhannson framkvæmdastjóri Stúdío Sýrlandi einnig erindi.

Langspilið

Afhending Langspilsins fór fram í þriðja sinn við hátíðlega athöfn þann 16. maí 2017. Barði Jóhannsson hlaut Langspilið en verðlaunin hlýtur höfundur sem hefur skarað fram úr á síðastliðnu ári, að mati STEFs. Verðlaunagripurinn er íslenskt langspil sem er sérsníðað af Jóni Sigurðssyni á Þingeyri.

Tónskáldasjóður RÚV og STEFs stofnaður

Þann 3. apríl var undirrituð stofnskrá nýs sjóðs, Tónskáldasjóðs RÚV og STEFs. Hinn nýi sjóður leysir tvo eldri sjóði af hólmi, Tónskáldasjóð RÚV sem verið hefur í vörslu Ríkisútvarpsins og Tónskáldasjóð Rásar 2 sem verið hefur í vörslu STEFs. Markmið sjóðsins er að stuðla að frumsköpun og útbreiðslu íslenskrar tónlistar, m.a. með því að veita fjárstuðning til höfunda fyrir tónsmíði og heildstæð verk. Þannig vilja aðilar, sem að sjóðnum standa, skjóta styrkari stoðum undir tónlistarlíf í landinu. Sjóðurinn er fjármagnaður með framlagi frá RÚV og með hluta af þeim greiðslum sem RÚV greiðir í höfundarréttargjöld. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn styrki u.þ.b. 45 verkefni á ári og að úthlutað verði u.þ.b. 25 m.kr. árlega. Við úthlutun hljóta metnaðarfull og yfirgripsmikil verkefni forgang. Einnig er tilgangur sjóðsins að veita fjárstuðning við nýsköpun verka til flutnings í miðlum RÚV.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú aðilar, útvarpsstjóri sem er fulltrúi RÚV, auk aðila úr Félagi tónskálda og textahöfunda og Tónskáldafélagi Íslands. STEF tilnefnir seinni stjórnarmeðlimina tvo. Úthlutað er úr sjóðnum þrisvar á ári og fer fyrsta úthlutun hins sameinaða sjóðs fram í maí.

Höfundaréttarmálefni

Innleiðing tilskipunar um umsýslu höfundaréttar

Á starfsárinu hefur STEF fylgst grannt með framgangi innleiðingar tilskipunar ESB um umsýslu höfundaréttar, sem hafa mun umtalsverð áhrif á STEF. Tilskipunina átti að innleiða fyrir þann 16. apríl 2016 í aðildarlöndum ESB, en hún hefur þó ekki enn verið innleidd í EES samninginn með samþykkt sameiginlegu EES nefndarinnar. Líklegast er að það verði gert á næstu dögum og er áætlunin sú að frumvarp verði lagt fram fyrir Alþingi haustið 2017. Ljóst er að tilskipunin mun hafa þau áhrif að endurskoða þarf að nokkru leyti bæði samþykktir STEFs, úthlutunarreglur, umboð STEFs og skilgreinar og þær upplýsingar sem samtökin birta opinberlega á heimasíðu sinni, en tilskipunin setur allmiklar kvaðir á höfundaréttarsamtök um upplýsingar og gegnsæi auk krafna er varða stjórnskipulag og lýðræðislega þátttöku meðlima. Á aðalfundi fulltrúaráðs nú í maí er gert ráð fyrir að Evrópunefnd kynni fyrstu hugmyndir sínar um breytingar á samþykktum STEFs og að fullmótaðar tillögur til breytinga verði síðan lagðar fyrir aðalfund fulltrúaráðs 2018 til samþykktar.

Eintakagerð til einkanota

Tekjur frá IHM (Innheimtumiðstöð gjalda) hafa í gegnum árin verið mikilvægur tekjustofn fyrir STEF. Tekjurnar eru annars vegar vegna eintakagerðar til einkanota og hins vegar vegna endurvarps sjónvarps. Það er ánægjulegt frá því að segja frá því að 11. október 2016 var samþykkt frumvarp til breytinga á höfundalögum um greiðslur til rétthafa vegna eintakagerðar til einkanota. Þetta mál hefur verið baráttumál STEFs í mörg ár, enda gjaldstofn gjaldsins ekki fylgt tæknibreytingum í allt of langan tíma. Sú breyting er á innheimtu þessara greiðslna að í stað þess að gjöld séu lögð á í tolli á þá vöruflokka sem tengjast eintakagerð kemur greiðslan sem bætur til rétthafa beint úr ríkissjóði og er á fjárlögum. Gert er ráð fyrir að árleg greiðsla verði nálægt 250 milljónum kr. en fjárhæð gjaldsins skal metin á þriggja ára fresti af úrskurðarnefnd og greidd út til samtaka sem hafa viðurkenningu ráðuneytisins til að fara með slík réttindi. Hver greiðslan verður fyrir árið 2016 er enn óljóst þar sem ágreiningur um túlkun á nýju lögnum kom upp gagnvart fjármálaráðuneytinu sem annast greiðslu bótanna.

Tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist

Þá var einnig afgreitt sem lög frá Alþingi þann 11. október 2016 frumvarp um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist. Tóku löggin gildi um áramót. Löggin tryggja útgefendum tónlistar endurgreiðslu 25% hljóðritunarkostnaðar sem fellur til við hljóðritagerð. Ekkert mat mun eiga sér stað á verkefninu heldur er verkefni einfaldlega gjaldgengt til endurgreiðslunnar ef það uppfyllir skilyrði laganna.

Höfundaréttarstefna

Hafin er vinna við gerð höfundaréttarstefnu í menntamálaráðuneytinu. Á síðasta ári var gefin út á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti hugverkastefna, en ekki var fjallað um höfundarétt í henni eða fjallað um skapandi greinar heldur einungis um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar. Ætlunin hafði verið allt frá árinu 2014 að menntamálaráðuneytið yrði með kafla í þessari stefnu um höfundarétt, en það misfórst. Stjórn STEFs hefur sent frá sér áherslupunkta sína fyrir þessa vinnu er þar m.a. lögð áhersla á það baráttumál STEFs til margra ára að höfundaréttartekjur verði skattlagðar sem fjármagnstekjuskattur.

Aðgerðir gegn ólöglegri dreifingu tónlistar á netinu




Í síðustu ársskýrslu var að finna yfirlit yfir aðgerðir sem beindust gegn vefsíðunum Deildu.net og Pirate Bay. Þar sem málum þessum er ekki enn að fullu lokið verður ekki hjá því komist að fara yfir það sem ávannst á árinu. Fyrri lota þessara mála hófst með ákvörðun sýslumanns 2013 gegn fjarskiptafyrirtækjunum Símanum, Vodafone, Hringdu og 365. Lauk þeim með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í október 2014 en í millitíðinni hafði málið farið vegna kröfu um frávísun til Hæstaréttar. Í framhaldinu var gert samkomulag við þessi fyrirtæki um eftirfylgni og túlkun dómsins. Seinni lota þessara mála hófust með lögbanni á Símfélagið, Hringiðuna og Snerpu sem lagt var á þann 15. október 2015. Gerð var sátt við Snerpu að fyrirtækið myndi hlíða dómsniðurstöðu á hendur hinum fyrirtækjunum og var því lögbannsbeiðnin felld niður hvað varðar Snerpu. Dómsmál á hendur hinum tveimur fyrirtækjunum var síðan höfðað til staðfestingar lögbanninu og vannst það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þann 17. október 2016. Var málinu áfrýjað af hálfu fjarskiptafyrirtækjanna til Hæstaréttar og er málið þar nú til meðferðar.



NCB

Samþykkt var á aðalfundi NCB fyrst í janúar 2017 en svo endanlega í maí, að útvista starfsemi NCB til KODA í Danmörku. Ástæða breytinganna var aðallega sú að koma starfsemi NCB í örugga höfn en tekjur vegna eintakagerðar hafa dregist mikið saman á undanförunum árum og er fyrirséð að þær muni áfram dragast saman. Ekki síst var erfitt fyrir starfsfólk NCB að vinna í slíku óvissuumhverfi. Með útvistun starfseminnar til KODA fá þeir starfsmenn sem fylgdu með til KODA allt annað starfsumhverfi og möguleika á að færast til innan KODA eftir því sem starfssemi NCB dregst saman.


Mikil vinna hefur farið í flutning starfsmanna, gerð þjónustusamnings, breytinga á samþykktum, breytinga á reglum stjórnar, skipulagningu verka o.fl. Yfirfærslan átti sér formlega stað stað þann 1. apríl 2017. Eftir breytinguna er í raun einungis einn starfsmaður hjá NCB sem hefur eftirlit með framkvæmd þjónustusamningsins og að fylgja eftir yfirfærslunni og að gefa stjórn upplýsingar framkvæmdina. Engin breyting er fyrirhuguð á stjórn og samsetningu hennar. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á útibúi NCB á Íslandi a.m.k. fyrst um sinn, en STEF hefur nokkuð verið að skoða hvernig hagsmunum meðlima okkar er best fyrir komið til framtíðar innan NCB og þá sérstaklega með tilliti til rekstrarforms útibúsins.

Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi 2016






Skipting rekstrartekna 2016



- Flutningstekjur innlendar
- Flutningstekjur erlendar
- Tónlistarveitur
- Upptökuréttindi
- Fjölís
- IHM vegna endurvarps
- Innheimtuþóknun SFH
- Annað

Skipting innlendra flutningstekna 2016



- Útvarp og sjónvarp
- Veitingahús
- Verslanir
- Tónleikar
- Önnur bakgrunnstónlist

Ráðstöfun Menningarframlags STEFs af hálfu aðildarfélaga

Greinargerð frá Tónskáldafélagi Íslands um ráðstöfun menningarframlags STEFs

Menningarframlagi STEFs til Tónskáldafélags Íslands er að hluta ráðstafað til daglegs reksturs Tónskáldafélagsins, t.d. kostnaðs við hýsingu vefsíðu, kostnaðs við frágang bókhalds og gerð ársreikninga, almenns skrifstofukostnaðar, kostnaðs við að halda úti stjórn og greiða formanni þóknun fyrir framkvæmdastjórastörf. Allur afgangur og öll framlög frá STEFi umfram mánaðarlegt rekstrarframlag renna til reksturs tónlistarhátíðarinnar Myrkra músíkdaga. Það skal einnig tekið fram að framkvæmdastjórastörf formanns eru að stórum hluta vinnuframlag við Myrka músíkdaga. Á fimm ára fresti bætist síðan ofan á hátíðarrekturinn, því þá eru Norrænir músíkdagar haldnir hér á landi. Tónskáldafélagið ber ábyrgð á rekstri þeirra og fjármagnar hátíðina að fullu. Árið 2016 voru Norrænir músíkdagar einmitt haldnir á Íslandi og þyngir það róður Tónskáldafélagsins verulega, vegna þess að menningarframlag STEFs er eina fasta fjárstreymi til félagsins.

Myrkir músíkdagar er einn mikilvægasti vettvangur framsækkinnar nútímatónlistar á Íslandi. Hátíðin hefur fyrir löngu skapað sér virðingarsess í íslensku tónlistarlífi og vekur athygli langt út fyrir landsteinana. Hlutverk hátíðarinnar er að vera vettvangur til kynningar og flutnings samtímatónlistar með áherslu á nýja íslenska tónlist og flytjendur í bland við erlend verk og erlenda flytjendur. Árlega er boðið upp á fjölda ólíkra tónlistarviðburða sem endurspeglar margbreytileika tónlistar í okkar samtíma. Áhersla er lögð á frumsköpun og tilraunastarfsemi en frumflutningur tónverka er áberandi á dagskránni. Hátíðin hefur veitt birtu inn í menningarlífi Íslendinga í mesta skammdegi ársins í 36 ár.

Hátíðin er haldin ár hvert í lok janúar og hefst iðulega síðasta fimmtudag janúarmánaðar. Markmið þess að halda hátíð í janúar er að byggja upp viðburðadagskrá þegar fátt annað er um að vera í menningarlífi landsins. Hátíðin leggur sem fyrr segir áherslu á að vera vettvangur fyrir frumsköpun og tilraunastarfsemi. Því vegur frumflutningur framsækkinnar samtímatónlistar þyngst á efnisskránni ár hvert. Hlutur endurflutnings yngri íslenskra verka og erlendra verka er einnig fyrirferðarmikill.

Hlutverk Myrkra músíkdaga í kynningu á íslenskri tónlist er ótvírætt. Á hverju ári heimsækja hátíðina fulltrúar erlendra fjölmiðla auk útgefenda og listrænna stjórnenda, hljómsveita og kammerhópa. Hún er því einnig vettvangur alþjóðlegrar tengslamyndunar, sem er afar mikilvægt fyrir íslenska tónlistarmenn, bæði tónskáld og flytjendur. Íslensk tónverkamiðstöð, Útón og Íslandsstofa hafa stutt verulega við þennan hluta hátíðarinnar. Listaháskóli Íslands hefur einnig iðulega tekið þátt í þessu alþjóðlega samstarfi og hefur erlendum tónskáldum sem heimsækja skólann sem gestaprófessorar á þessum árstíma einnig verið boðið á hátíðina og hafa erlendir gestir hátíðarinnar á móti farið inn í Listaháskólann og flutt erindi eða haldið vinnustofur þar. Þetta hefur skilað sér í umfjöllun í mörgum vel þekktum erlendum fjölmiðlum, m.a. The Guardian og Neue Zeitschrift für Musik.

Hátíðin Myrkir músíkdagar hefur frá upphafi verið rekin af Tónskáldafélagi Íslands. Til að auka bæði sjálfstæði og gagnsæi var ákveðið að stofna einkahlutafélag um rekstur hátíðarinnar og er Tónskáldafélag Íslands eigandi þess. Stofnun félagsins er í ferli hjá Ríkisskattstjóra þegar þetta er ritað. Samfara þessari breytingu var ákveðið að breyta fyrirkomulagi varðandi listrænan stjórnanda hátíðarinnar, en hingað til hefur formaður Tónskáldafélags Íslands gegnt því starfi. Til að auka sjálfstæði hátíðarinnar og til að tryggja sanngirni í vali á verkefnum inn á hátíðina var ákveðið að auglýsa eftir listrænum stjórnanda fyrir árið 2017. Auglýst var eftir umsóknum á vef Tónskáldafélagsins sem og á samfélagsmiðlum Myrkra músíkdaga. Gunnar Karel Másson, tónskáld var ráðinn listrænn stjórnandi hátíðarinnar.

Menningarframlag STEFs til TÍ var samtals kr. 7.989.515 á árinu 2016.

Greinargerð frá Félagi tónskálda og textahöfunda um ráðstöfun menningarframlags STEFs

Eftir samantekt og skoðun ársreikninga er það skoðun stjórnar FTT að hækka þurfi menningarframlagið umtalsvert því eins og sjá má af eftirfarandi niðurstöðum þá dekkar það ekki einu sinni eðlilegan rekstarkostnað félagsins.

Hagsmunafélag eins og FTT þarf einnig að sinna fræðslu, ráðstefnu- og viðburðahaldi og þegar það bætist við má sjá að munurinn verður enn meiri. Það er ekki auðvelt að sækja styrki til fyrirtækja í þágu verkefna FTT og því er menningarframlagið sá trausti grunnur sem félagið þarf svo sannarlega á að halda til að sinna lágmarkspjónustu við félagsmenn sína.

Menningarframlag STEFs til FTT var samtals kr. 7.989.515 á árinu 2016.

Rekstrarkostnaður FTT var 7.816.425 kr.

Kostnaður tengdur viðburðahaldi, ráðstefnum og fundum var 2.019.961 kr.

Styrkir frá FTT voru 400.000 kr.

TEKJUR:		REKSTRARGJÖLD:					
Menningarframlag STEFs:	7,989,515	Laun og launatengd gjöld	4641955	(rekstur)			
		Rekstur sameignar	811500	(rekstur)			
		Sími og tónlistarveitur	118038	(rekstur)			
		Viðhald áhalda og tækja	43420	(rekstur)			
		Pappír, prentun og hönnun	404160	(rekstur - boðskort o.fl.)			
		Hönnun	188480	(rekstur - boðskort o.fl.)			
		Tölvukerfi	267454	(rekstur)			
		Auglýsingar	470637	(rekstur - viðburðir, auglýst vegna sjóða)			
		Endurskoðun, bókhald	499380	(rekstur)			
		Aðildagjöld, árgjöld	153320	(rekstur)			
		Blóm, gjafir, merki heiðursf.	218081	(rekstur)			
			7,816,425				
		VIÐBURDIR OG STYRKIR:					
		Tækjaleiga	314023	(viðburðir - Garðveisla og Nýársfundur)			
		Húsaleiga	102450	(viðburðir - Höfundaréttarráðstefna í Kaldalóni)			
		Styrkur til Kítóns	400000	(styrkir - v. Nótnabókar)			
		Garðveisla	1603488	(viðburðir)			
			2419961				
		HEILDARGJÖLD:	10,236,386				